

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Örfrisey.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 3. nóvember 2015 nýtt deiliskipulag fyrir Örfrisey. Í skipulagstillögunni var m.a. samþykkt að setja saman gildandi áætlanir í eina heildstæða deiliskipulagsáætlun, ný ákvæði úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru skilgreind í áætluninni og samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar verður ekki veitt heimild fyrir gistiheimili á svæðinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stangarholt 3-11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. desember 2015 nýtt deiliskipulag vegna lóðarinnar nr. 3-11 við Stangarholt. Í skipulagstillögunni felst m.a. skipting lóðar og gerð byggingarreits fyrir færanlega skólastofu vestanmegin leikskólans. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hrísateigur 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 8. janúar 2016 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 14 við Hrísateig. Í breytingunni felst að þak skal vera lágreist risþak (mæniþak) í stað valmaþaks. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 13. janúar 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2016